



## MINNISBLAÐ

**Til:** Mosfellsbæjar.

**Frá:** LEX lögmansstofu / Heiðrúnu Lind Marteinsdóttur hdl. / Víði Smára Petersen hdl.

**Dags:** 18. október 2011.

**Efni:** Þagnarskylda sveitarstjórnarmanna og afleiðingar brots á henni.

### I. Inngangur.

Með erindi dags. 13. október 2011 óskaði framkvæmdastjóri stjórnarsýslusviðs Mosfellsbæjar eftir því að LEX framkvæmdi lögfræðilega skoðun á því hvort bæjarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar hafi brotið lög þegar hann birti upplýsingar um afskriftir til lögaðila í dreifibréfi til íbúa bæjarins. Verkbeiðnin sem samþykkt var á 556. fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar hljóðar svo:

„Bæjarstjórn óskar eftir því við lögmenn bæjarins að fram fari lögfræðileg skoðun á því hvort brotið hafi verið gegn reglum Mosfellsbæjar um meðferð mála, ákvæðum sveitarstjórnarlaga og ákvæðum annarra laga sem kveða á um vernd persónuupplýsinga þegar Íbúahreyfingin birti upplýsingar um afskriftir til lögaðila í Mosfellsbæ í dreifibréfi til íbúa Mosfellsbæjar í september sl.“

Til viðbótar við umrædda bókun bæjarráðs óskaði framkvæmdastjóri stjórnarsýslusviðs eftir því að LEX skoðaði samhliða, hvort Mosfellsbæ væri heimilt að birta upplýsingar um afskriftir einstaklinga og lögaðila ef eftir því væri leitað og yfirleitt hvaða reglur kunni að gilda um og hvernig afgreiða bæri slíkar beiðnir.

Í minnisblaði þessu verður uppbyggingin með þeim hætti að málsatvikum verður lýst í stuttu máli í öðrum kafla. Í þriðja og fjórða kafla verður síðan reifað hvaða lagareglur gildi um birtingu upplýsinga af því tagi sem reynir á í máli þessu. Í fimmta kafla verður fjallað um hvaða aðgerðir þeir geta gripið til sem telja á rétti sínum brotið og hver möguleg viðbrögð sveitarfélagsins geti verið. Í sjötta kafla verður farið yfir það hvaða lagareglur gildi um upplýsingarétt almennings vegna umræddra upplýsinga. Loks verða helstu niðurstöður dregnar saman í sjöunda kafla.

### II. Málsatvik.

Í stuttu máli eru málsatvik með þeim hætti að hinn 16. mars 2011 lagði fjármálastjóri Mosfellsbæjar fyrir bæjarráð tillögu um afskriftir skulda. Listi fjármálastjóra var lagður fram sem trúnaðargagn og sérstaklega merktur sem slíkur. Fjármálastjórinn fjallaði á almennan hátt um listann og var síðan samþykkt að heimila afskriftirnar. Bæjarráð gerði svohljóðandi samþykkt í kjölfarið, sbr. 6. lið fundargerðar bæjarráðs af 1021. fundi:

„Samþykkt með þremur atkvæðum að heimila fjármálastjóra afskriftir í samræmi við tillögur hans.“

Ekki voru gerðar neinar bókanir af hálfu þeirra sem greiddu atkvæði gegn tillögunni, eða sátu hjá við afgreiðslu hennar.

Nokkru síðar, eða um miðjan september sl., birti bæjarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar grein sem innihélt lista yfir þá lögaðila sem fengu afskriftir samkvæmt umræddri samþykkt bæjarráðs. Var þar birt heiti allra lögaðilanna auk þeirrar fjárhæðar sem þeir fengu afskrifaða. Listinn var efnislega samhljóða þeim sem lagður var fram á fundi bæjarráðs, að því undanskildu að ekki voru birtar upplýsingar um afskriftir einstaklinga. Var greinin sem innihélt listann birt bæði í 1. tbl. 1. árg. dreifibréfs Íbúahreyfingarinnar og á heimasíðu stjórnmalasamtakanna, <http://ibuahreyfingin.wordpress.com>, hinn 13. september 2011. Umræddur bæjarfulltrúi var skrifaður fyrir greininni og var titlaður sem ábyrgðarmaður dreifibréfsins.

Í kjölfarið vildi bæjarráð Mosfellsbæjar kanna það hvort bæjarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar hefði brotið trúnaðar- og þagnarskyldur sínar með birtingu umrædds lista yfir afskriftir skulda hjá lögaðilum.

### **III. Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.**

Sveitarstjórnarmenn eru einungis bundnir af lögum og sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála og ber þeim að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi, sbr. 1. mgr. 28. gr. sveitarstjórn laga nr. 45/1998 (svl.). Til þess að sveitarstjórnarmönnum sé kleift að gegna störfum sínum af skynsemi er m.a. mælt fyrir um í 30. gr. svl. að aðalmenn í sveitarstjórnnum skuli hafa aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og óhindraðan aðgang að stofnunum þess og starfsemi.

Jafnvel þótt sveitarstjórnarmennirnir sjálfir eigi að hafa óhindraðan aðgang að öllum gögnum eru þeir bundnir þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, sbr. 32. gr. svl. Sú þagnarskylda er rík og helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

Til hliðsjónar má geta þess að Mosfellsbær hefur í reglum sínum og samþykktum sérstaklega mælt fyrir um þagnarskyldu sveitarstjórnarmanna. Segir þannig á forsiðu fundargáttar Mosfellsbæjar, sem einungis kjörnir nefndarmenn hafa aðgang að:

„Þeim sem aðgang hafa að gáttinni er með öllu óheimilt að afhenda gögn af gáttinni til þriðja aðila.“

Jafnframt segir í yfirlýsingu nefndarmanna um þagnarskyldu, sem þeir undirrita þegar þeir taka að sér nefndarstörf:

„Ég undirritaður heiti því jafnframt að viðlagðri ábyrgð og í samræmi við þær skyldur sem mér ber sem nefndarmanni í opinberri nefnd á vegum Mosfellsbæjar, að gæta þess í hvívetna að rækja þagnarskyldu mína um allt það sem leynt á að fara að lögum eða eftir eðli máls.“

Ljóst er því að rík þagnarskylda hvílir á þeim nefndarmönnum sem gegna trúnaðarstörfum fyrir Mosfellsbæ. Þrátt fyrir það verður alltaf að meta það eftir hlutlægum mælikvörðum á grundvelli 32. gr. svl. hvort umræddar upplýsingar um afskriftir lögaðila feli í sér upplýsingar sem eigi að fara leynt eftir eðli máls.

Það verður að teljast samrýmast illa hlutverki sveitarstjórnarmanna að birta á opinberum vettvangi viðkvæmar fjárhagsupplýsingar lögaðila. Ástæður afskrifta skulda sveitarfélaga eru yfirleitt grundvallaðar á rekstrarlegum forsendum. Þannig getur verið fyrirsjáanlegt að viðkomandi skuldari geti ekki staðið í skilum og eigi engar eignir til þess að leita fullnustu í, eða jafnvel að lögaðili hafi þegar verið úrskurðaður gjaldþrota og ekkert fengist greitt upp í kröfurnar. Ljóst er að birting upplýsinga um afskriftir lögaðila getur leitt við verulegrar tortryggni annarra í garð viðkomandi lögaðila og jafnvel leitt til tjóns.

Þannig hefur félagsmálaráðuneytið, sem áður hafði eftirlit með sveitarfélögum, m.a. komist að þeirri niðurstöðu að upplýsingar sem varða skuldastöðu einstakra aðila hjá sveitarfélagi séu viðkvæmar sérgreindar fjárhagsupplýsingar sem falli undir þagnarskylduákvæði 32. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. álit ráðuneytisins frá 6. febrúar 2004 í máli nr. FEL03120045/1001.

Telja verður því að sveitarstjórnarmönnum sé óheimilt að birta upplýsingar sem falla undir þagnarskylduákvæði 32. gr. svl. nema þegar þeim er skylt að veita upplýsingarnar lögum samkvæmt, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 21. október 1999 í máli nr. 156/1999 er varðaði þagnarskyldu fjármálafyrirtækja.

Þó skal vakin athygli á því að sveitarstjórnarfundir eru haldnir fyrir opnum dyrum, skv. 16. gr. svl. Ekki liggur fyrir í málinu hvort ákveðið hafi verið að ræða umræddar afskriftir fyrir luktum dyrum, eins og heimild er fyrir í 2. málsl. 16. gr. laganna, þó ráða megi af fundargerð að svo hafi ekki verið. Hafi fundurinn verið opin er því ljóst að almenningur hefði getað hlustað á umræddar umræður og fengið af þeim sökum einhverjar upplýsingar, þó líklega takmarkaðar, um umræddar afskriftir.

Það skal þó áréttað að frjáls aðgangur almennings að fundum sveitarstjórnar veitir þeim ekki aðgang að gögnum fundarins. Opinber birting listans felur því eftir sem áður í sér brot á þagnarskylduákvæði 32. gr. svl., jafnvel þótt einhver hluti þeirra upplýsinga sem þar voru birtar hafi mögulega verið kunnar almenningi áður.

#### **IV. Birting persónuupplýsinga.**

Fjárhagsupplýsingar um einstaklinga og lögaðila fela í sér persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (prl.), sbr. 1. tölul. 2. gr. og 3. mgr. 6. gr. laganna. Dreifing slíkra persónuupplýsinga í formi opinberrar birtingar felur ótvírætt í sér vinnslu þeirra í skilningi 2. tölul. 2. gr. prl., sbr. dóm Hæstaréttar frá 6. desember 2007 í máli nr. 201/2007.

Veiting og vinnsla slíkra persónuupplýsinga er almennt bönnuð nema með leyfi þess sem í hlut á, sbr. 7. tölul. 2. gr. prl., eða ef sá sem birtir upplýsingarnar hefur heimild til þess samkvæmt 8. gr. laganna. Ekki verður séð að þessi skilyrði hafi verið uppfyllt í málinu. Í það minnsta er ljóst að birting svo ítarlegra og sérgreindra fjárhagsupplýsinga lögaðila var ekki í samræmi við þau meðalhófssjónarmið sem lögfest eru í 7. gr. prl.

Loks má geta þess að sérstakt starfsleyfi þarf til þess að miðla upplýsingum til þriðja aðila um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust sem sett var með stoð í 2. mgr. 45. gr. prl.

Af þeim sökum er ljóst að opinber birting um afskriftir skulda lögaðila, án þeirra leyfis, felur í sér brot gegn fyrrgreindum ákvæðum prl.

## V. Úrræði þeirra sem telja á sér brotið.

### V.a. Brot á sveitarstjórnarlögum.

Í svl. eru engin ákvæði um refsingu fyrir brot gegn fyrirmælum þeirra laga. Hins vegar hefur innanríkisráðuneytið úrskurðarvald um ýmis vafaatriði sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna, sbr. 1. mgr. 103. gr. svl. Þá getur innanríkisráðuneytið veitt sveitarstjórn áminningu ef sveitarstjórn vanrækir skyldur sínar, sbr. 2. mgr. 102. gr. svl. Síðara ákvæðið hefur verið túlkað á þann veg að innanríkisráðuneytinu sé heimilt að veita sveitarstjórn áminningu ef sveitarstjórnarmaður hefur gerst sekur um brot á lögunum af ásetningi eða gáleysi, sbr. álit félagsmálaráðuneytisins frá 10. október 2001 í máli nr. FEL01080012/1001.

Þótt ekki sé kveðið á um sérstök refsiviðurlög í svl. sjálfum er kveðið á um refsingar fyrir brot í opinberu starfi í XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hgl.). Þar er m.a. mælt fyrir um brot á þagnarskyldu opinbers starfsmanns í 1. mgr. 136. gr. hgl. Þar segir:

Opinber starfsmaður, sem segir frá nokkru, er leynt á að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan, skal sæta [...] fangelsi allt að einu ári. Hafi hann gert það til þess að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings, eða noti hann slíka vitneskju í því skyni, má beita fangelsi allt að 3 árum.

Telja verður að starfsemi sveitarstjórnarmanna sé opinbert starf í skilningi 1. mgr. 136. gr. hgl. Þannig hafa sambærileg störf alþingismanna, opinberra nefndarmanna og sveitarstjóra verið talin til opinberra starfa, sbr. dóma Hæstaréttar frá 6. febrúar 2003 í máli nr. 393/2002 og frá 17. maí 2001 í máli nr. 71/2001. Í máli því sem hér er til skoðun getur hlutaðeigandi bæjarfulltrúi því sætt ákæru vegna birtingar umræddra upplýsinga á grundvelli 1. mgr. 136. gr. hgl.

Jafnvel þótt sveitarstjórnarmaður yrði ekki talinn gegna opinberu starfi í skilningi 1. mgr. 136. gr. hgl. er ljóst að hægt er að heimfæra brot á þagnarskyldu til refsiakvæðis 230. gr. hgl., sbr. dóm Hæstaréttar frá 25. febrúar 1999 í máli nr. 252/1998. Í 230. gr. hgl. segir:

Ef maður, sem hefur eða haft hefur með höndum starf, sem opinbera skipun, leyfi eða viðurkenningu þarf til að rækja, segir frá einhverjum einkamálefnum, sem leynt eiga að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu, þá varðar það sektum eða [fangelsi allt að 1 ári].<sup>1)</sup> Sömu refsingu varðar einnig sams konar verknaður þeirra manna, sem aðstoðað hafa ofangreinda menn í starfi þeirra.

Af þessu er ljóst að birting og dreifing upplýsinga sem augljóslega eiga að lúta þagnarskyldu sveitarstjórnarmanna er refsiverður verknaður. Úrræði sveitarstjórnar Mosfellsbæjar vegna umræddrar háttsemi bæjarfulltrúans eru aðallega tvenns konar.

Í fyrsta lagi væri hægt að vekja athygli innanríkisráðuneytisins á umræddum brotum, enda hefur ráðuneytið eftirlit með því að sveitarstjórnir og sveitarstjórnarmenn gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum, sbr. 102. gr. svl. Þá væri í öðru lagi samhliða hægt að beina erindi til ríkissaksóknara vegna hugsanlegra brota sveitarstjórnarmannsins á 136. gr. hgl., sbr. 2. mgr. 52. gr. og a.-lið 3. mgr. VII. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Sveitarstjórn gæti aftur á móti væntanlega ekki vakið athygli á broti gegn 230. gr. hgl., enda sætir brot gegn þeirri grein aðeins ákæru eftir kröfu þess manns, sem

misgert var við, sbr. 2. tölul. a. 242. gr. hgl. Ólíklegt er því að sveitarstjórn hefði lögvarða hagsmuni af því að kvarta undan háttseminni á grundvelli 230. gr. hgl.

#### V.b. Brot á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Heimilt er þeim að kvarta til Persónuverndar sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar hans í samræmi við prl., sbr. 2. mgr. 37. gr. laganna. Sveitarstjórn Mosfellsbæjar yrði ekki heimilt að kvarta til Persónuverndar í þessu máli, enda hefur hún ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins.

Ákveði einhver þeirra lögaðila sem birtar voru upplýsingar um að kvarta til Persónuverndar getur ábyrgðaraðili þurft að bæta þeim sem misgert var við það fjárhagslega tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum, sbr. 43. gr. prl. Umræddur ábyrgðaraðili gæti einnig þurft að lúta fésektum eða fangelsi allt að þremur árum, sbr. 1. mgr. 42. gr. laganna.

Þar sem með ábyrgðaraðila er átt við þann sem í raun vinnur, í þessu tilfalli birtir, umræddar upplýsingar, sbr. 4. tölul. 2. gr. prl., er ólíklegt að sveitarfélagið sjálft geti borið skaðabótaábyrgð vegna brota á prl. Ábyrgðin væri einungis hjá þeim sem raunverulega birti (vann) umræddar upplýsingar.

Þrátt fyrir að ólíklegt sé að sveitarfélagið geti borið skaðabótaábyrgð vegna brota á prl. gæti það hins vegar borið skaðabótaábyrgð á umræddri háttseminni bæjarfulltrúans á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttarins, eins og nú verður rakið.

#### V.c. Almennar reglur skaðabótaréttarins.

Ef birting umræddra fjárhagsupplýsinga hefur leitt til einhvers konar tjóns fyrir þá lögaðila sem fengu skuldir sínar afskrifaðar gætu þeir krafist skaða- og/eða miskabóta. Ólíklegt er þó að umrædd birting upplýsinganna hafi valdið einhverju beinu fjárhagslegu tjóni. Aftur á móti er ekki lokað fyrir það skotið að birtingin ein og sér hafi falið í sér ólögmetna meingerð gegn æru lögaðilans, sbr. b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Séu skilyrði fyrir greiðslu miskabóta fyrir hendi vaknar sú spurning að hverjum skaðabótakrafan eigi að beinast.

Það er meginregla skaðabótaréttar að krefjast á bóta úr hendi þess sem hefur gerst sekur um saknæma og ólögmetna háttseminni. Víðtæk undantekningarregla er aftur á móti frá þeirri meginreglu sem kallast reglan um vinnuveitandaábyrgð (húsbónndaábyrgð). Reglan um vinnuveitandaábyrgð felur í sér að vinnuveitandi geti orðið skaðabótaskyldur vegna tjóns sem starfsmaður hans veldur þriðja manni með saknæmum hætti. Það er ekki skilyrði vinnuveitandaábyrgðar að vinnuveitandinn sjálfur hafi sýnt af sér saknæma háttseminni, heldur aðeins að starfsmaður hans hafi gert það.

Í reglunni um vinnuveitandaábyrgð felst ekki aðeins ábyrgð atvinnurekanda á launþega í venjulegu vinnuréttarsambandi heldur er hún túlkað mun rýmra. Ekkert eiginlegt vinnuveitandasamband þarf þannig að vera á milli aðilanna svo annar þeirra geti talist „vinnuveitandi“ hins. Íþróttafélög og góðgerðarsamtök hafa þannig t.d. verið talin bera skaðabótaábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð vegna saknæmrar háttseminni sjálfboðaliða á þeirra vegum. Þannig er ljóst að sveitarfélag getur að öllum líkindum borið ábyrgð á skaðabótaskyldri háttseminni sveitarstjórnarmanna sinna.

Það eru þó takmörk fyrir beitingu umræddrar reglu um vinnuveitandaábyrgð. Til dæmis er almenna reglan sú að ekki eigi að beita reglunni ef starfsmaðurinn, í þessu tilfalli

sveitarstjórnarmaður, hefur farið út fyrir skýr fyrirmæli vinnuveitanda síns. Ljóst er að birting bæjarfulltrúans á umræddum fjárhagsupplýsingum fór í bága bæði við lög og skýr fyrirmæli sveitarstjórnar um að meðhöndla ætti upplýsingarnar sem trúnaðarmál. Ekki er hins vegar hægt að fullyrða í þessu máli að vinnuveitandaábyrgðin eigi ekki við því ósamræmi er í dómaframkvæmd um það hvort þessi takmörkun á reglunni um vinnuveitandaábyrgð sé algild. Dómstólar hafa þannig metið hvert tilvik eftir efni og atvikum hverju sinni og hafa m.a. talið vinnuveitandaábyrgðina eiga við jafnvel þótt starfsmaður hafi augljóslega farið út fyrir verksvið sitt og framið refsiverðan verknað.

Að þessu sögðu kann að vera að Mosfellsbær myndi teljast bera skaðabótaábyrgð á því tjóni sem umrædd birting olli. Í öllu falli er þó ljóst að sveitarfélagið gæti öðlast endurkröfu á hendur umræddum sveitarstjórnarmanni, en þó aðeins að því marki sem telja má sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti, sbr. 1. mgr. 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

## **VI. Upplýsingalög nr. 50/1996.**

Í verkbeiðni Mosfellsbæjar er þess sérstaklega farið á leit að LEX skoði hvort Mosfellsbæ sé heimilt að birta upplýsingar um afskriftir einstaklinga og lögaðila sé eftir því leitað.

Það er meginregla upplýsingalaga að stjórnvöldum er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál, sbr. 1. mgr. 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 (upl.). Frumkvæðið að birtingu upplýsinga þarf því ekki að koma frá stjórnvöldum, heldur ber þeim að birta upplýsingar samkvæmt sérstakri ósk þess efnis.

Sá sem fer fram á aðgang að gögnum þarf þannig að sérgreina þau, t.d. með því að tilgreina þau gögn máls sem hann óskar að kynna sér eða fara fram á að fá að kynna sér öll gögn um tiltekið mál, sbr. 1. mgr. 10. gr. upl. Eftir að slík beiðni hefur borist stjórnvaldi ber því að taka ákvörðun um það hvort það verði við beiðni um aðgang að gögnum svo fljótt sem verða má, sbr. 1. mgr. 11. gr. upl. Hafi beiðnin ekki verið afgreidd innan sjö daga frá móttöku hennar skal skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Þrátt fyrir umrædda meginreglu um aðgang almennings að öllum gögnum stjórnvalds er varða tiltekið mál eru umfangsmiklar undantekningarreglur í 4.-6. gr. upl. Þannig kemur m.a. fram í 5. gr. laganna að beinlínis óheimilt sé að veita almenningi aðgang að fjárhagsmálefnum einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila.

Við mat á því hvaða fjárhagsupplýsingar teljast falla undir 5. gr. laganna, og þar með utan upplýsingaréttar almennings, þarf oft að beita samræmisskýringu við önnur lög. Þar sem upplýsingar um skuldastöðu og afskriftir lögaðila og einstaklinga hjá sveitarfélögum teljast falla undir þagnarskyldu sveitarstjórnarmanna, eins og áður hefur komið fram, verður að telja að sveitarfélaginu sjálfu sé jafnframt óheimilt að veita umræddar upplýsingar. Sveitarfélaginu er aftur á móti heimilt að veita upplýsingarnar ef þær eru veittar með ótvíræðu samþykki þeirra aðila sem í hlut eiga. Ef umræddar upplýsingar yrðu veittar án slíks samþykkis gæti það skapað sveitarfélaginu skaðabótaskyldu.

## VII. Niðurstöður.

Niðurstöður LEX eru eftirfarandi:

- Upplýsingar um afskriftir lögaðila hjá sveitarfélögum heyra undir þagnarskyldu sveitarstjórnarmanna. Óheimilt var því fyrir sveitarstjórnarmann að birta upplýsingarnar opinberlega.
- Birting umræddra upplýsinga var ekki í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
- Brot sveitarstjórnarmanns gegn þagnarskyldu sinni er refsiverður verknaður, skv. 136. gr. hgl. eða 230. gr. hgl. Rétt væri að Mosfellsbær upplýsti innanríkisráðherra um háttsemi umrædds sveitarstjórnarmanns og jafnvel sendi erindi til ríkissaksóknara.
- Brot á lögum nr. 77/2000 geta varðað sektum, fangelsi eða skaðabótaábyrgð. Mosfellsbær ber aftur á móti ekki ábyrgð á umræddu broti heldur aðeins sá sem birti upplýsingarnar.
- Mosfellsbær gæti þó borið almenna skaðabótaábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð ef einhver umræddra lögaðila hefur orðið fyrir tjóni vegna birtingarinnar. Ýmis sjónarmið mæla þó gegn því að reglan um vinnuveitandaábyrgð eigi við.
- Mosfellsbær er óheimilt að birta upplýsingar um afskriftir lögaðila og einstaklinga hjá sveitarfélaginu, án samþykkis viðkomandi aðila.

HLM/VSP